

**29. Fundur Breiðafjarðarnefndar,  
haldinn 26. nóvember 2001, kl. 11:00 til 15:45 á Náttúrustofu Vesturlands,  
Stykkishólmi.**

**Mættir:** Friðjón Þórðarson, Guðríður Þorvarðardóttir, Jóhannes Gíslason, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Ævar Petersen og Sigurður Þórólfsson.  
Magnús A. Sigurðsson mætti kl. 13:10.  
Fundarritari: Sigríður Elisdóttir.

## **DAGSKRÁ FUNDARINS**

Formaður setti fundinn og fór yfir dagskrá fundarins. Þá tilkynnti hann að Hallur Hallsson, talsmaður Keikósamtakanna á Íslandi, kæmi til að kynna hugmyndir varðandi hugsanlegan flutning háhyrningsins Keikó í Breiðafjörð.

### **Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð 28. fundar Breiðafjarðarnefndar, frá 11. júlí 2001, var lesin upp og samþykkt.

#### **Háhyrningurinn Keikó**

Kl. 11:30 mætti Hallur Hallsson á fundinn.

Hallur var boðinn velkominn og tók hann til máls. Hann kynnti fyrirhugaðar hugmyndir um að Keikó verði fluttur í Breiðafjörð við Stykkishólmi. Þá óskaði Hallur eftir álit og skoðunum nefndarmanna á hugmyndinni.

Nefndarmenn báru fram ýmsar spurningar um ástæðu flutningsins og hvernig fyrirkomulag verði haft á flutningi háhyrningsins, í hvaða höndum umönnun og eftirlit hans verði og hvernig verkefnið verði fjármagnað. Einnig var spurt nánar út í hegðun Keikós og hvort samtökin sem að honum standa hafi kynnt sér nægjanlega allar aðstæður varðandi sjávarföll, sjávarhita og hugsanleg áhrif á æðarfugl og grásleppunet. Hallur lýsti því yfir að "Ocean Futures" samtökin hafi skuldbundið sig til að sjá um allan kostnað sem til fellur vegna Keikós þar til hann annað hvort drepst eða aðlagast villtri náttúru. Hann skýrði frá ástæðum flutningsins frá Vestmannaeyjum og sagði frá því að samtökin væru í mjög góðu samstarfi við Náttúrustofu Vesturlands og bæjaryfirvöld í Stykkishólmi, varðandi alla upplýsingaöflun um aðstæður í Breiðafirði. Verkefnið verði annað hvort framkvæmt í fullri sátt og samvinnu við heimamenn eða af þessu verði ekki, enda muni heimamenn með tímanum taka við öllum verklegum þáttum þess.

Ítarleg umræða var um hugmyndina. Nefndarmenn voru jákvæðir gagnvart henni, en ítrekuðu að þegar endanlegur staður verði valinn fyrir aðsetur Keikós í firðinum, verði haft samráð við Breiðafjarðarnefnd.

Halli var afhent Verndaráætlun Breiðafjarðar. Formaður þakkaði Halli komuna og vék hann af fundi kl. 13:00.

Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands, mætti á fundinn kl. 12:40.

## **Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð í Eyrarsveit og Helgafellssveit.**

### **Tekið var fyrir erindi Skipulagsstofnunar, dags. 2. nóvember 2001, þar sem óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.**

Breiðafjarðarnefnd lagðist gegn því, með bréfi þann 29. september 2000, að valin yrði leið 1 með stuttri brú.

Þá voru gerðar athugasemdir um náttúrufar, þ.e. að helstu náttúruminjar sem skemmast vegna leiðar 1 með 230 metra brú væru leirur í Hópinu og jarðfræðiminjar í Hjarðarbólsodda, en að aðalatriði væri að full vatnsskipti færu um fjörðinn.

Nefndin fagnaði því að Vegagerðin taki fullt tillit til athugasemda nefndarinnar með þeirri breytingu sem fram kemur í niðurstöðu skýrslunnar, að brúin verði 230 metra löng, til að tryggja full vatnsskipti í Kolgrafafirði.

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd beinir því til Vegagerðarinnar, hvort unnt sé að hlífa jarðmyndunum á Hjarðarbólsodda eins og kostur er, þ. á m. hvort ástæða sé til þess að fjarlægja fremsta hluta hans og sveigja e.t.v. betur frá jarðfræðiminjum á þessu svæði. Frekari athugasemdir gerði nefndin ekki við skýrsluna, enda verði tillaga Vegagerðarinnar um leið 1, með 230 metra brú, samþykkt.

### **Stykkishólmur, aðalskipulag 2002 til 2022**

Tekið var fyrir erindi Bærings Bjarnar Jónssonar arkitekts, sem vinnur að endurskoðun aðalskipulags fyrir Stykkishólmsbæ fyrir árin 2002 til 2022, dags. 5. september sl., þar sem leitað er eftir stefnu, markmiðum og/eða reglum Breiðafjarðarnefndar varðandi mannvirkjagerð í eyjunum.

**Afgreiðsla:** Ákveðið var að svara erindinu með hliðsjón af drögum að vinnureglum. ÞH tók að sér að gera uppkast að svari.

### **Vinnureglur varðandi byggingaleyfi á Breiðafirði**

Ræddar voru athugasemdir Skipulagsstofnunar, dags. 20. september 2001, við drög að vinnureglum fyrir veitingu byggingaleyfa á verndarsvæði Breiðafjarðar, og óskað var eftir af hálfu nefndarinnar.

JG las upp og lagði fram athugasemdir sínar við svar Skipulagsstofnunar.

Þá var rætt hvernig Breiðafjarðarnefnd ætlar að koma í veg fyrir að byggt verði ofan á fornminjar og að mikilvægt sé að eyjarnar verði ekki seldar sem sumarhúsabyggð. Þá benti ÆP á að Breiðafjarðarnefnd verði að gera sér grein fyrir því, hvernig eigi að meta áhrif á lífríki. MAS benti á að það eigi raunar einnig við um fornminjar þó svo að þar sé fastara land undir fótum í lögum.

**Afgreiðsla.** Ákveðið var að ganga fljótt og örugglega í að fullgera vinnureglurnar. ÞH tók að sér að yfirfara drög að vinnureglum í samræmi við gildandi lög og reglugerðir þar að lútandi.

### **Erindi frá sveitarstjórninni í Grundarfirði**

Tekið var fyrir erindi frá sveitarstjórninni í Grundarfirði, dags. 17. september sl., þar sem óskað er eftir upplýsingum frá Breiðafjarðarnefnd um rannsóknir sem liggja að baki þeirri staðhæfingu í fundargerð 25. fundar Breiðafjarðarnefndar frá 2. mars 2001, að regnbogasilungur frá Hvurslax sé að spilla ám í Dalasýslu. Breiðafjarðarnefnd bendir á að

regnbogasilungur slapp úr eldi Hvurslax ehf og eru dæmi þess að hann hafi gengið í ár í Dalasýslu þar sem veiðiréttareigendur telja hann geta valdið töluverðu tjóni, m. a. með því að éta silungs- og laxaseiði í ánum.

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að leita til sýslumannsins í Stykkishólmi til að fá upplýsingar um lyktir kæru veiðiréttareigenda við innanverðan Breiðafjörð vegna meintra brota Hvurslax ehf., á reglugerð nr. 105/2000 og lögum nr. 76/1970, sem var þar til rannsóknar og var tilefni fyrrgreindrar bóknar.

### **Vangreidd þóknun til nefndarmanna**

FÞ tilkynnti að skv. samtali við Þórhall Arason hjá þóknananevnd, sé ekki hægt að fara fram á að gengið verði frá vangreiddum aukaeiningum til nefndarmanna fyrir tímabilið október 1999 til ársloka árið 2000, nema að bera það undir þóknananevnd.

Talið var rétt að farið verði fram á að þessar einingar verði greiddar út ásamt þóknun fyrir fundarsetu fyrir árið 2001.

**Afgreiðsla:** GÞ og FÞ ætla að ganga í málið og helst að ýta við því fyrir næsta fund.

### **Önnur mál.**

#### **Verndaráætlun Breiðafjarðar**

Verndaráætlun Breiðafjarðar var dreift til nefndarmanna. Rætt var um hvernig vekja skuli athygli á verndaráætluninni og hvernig hún skuli kynnt. Þá kom fram tillaga um að taka saman útsendingarlista, þar sem verndaráætlunin hafi aðeins verið prentuð í 200 eintökum.

Fram kom að Össur Skarphéðinsson hafi spurst fyrir um verndaráætlunina á þingi. Nefndarmenn töldu rétt að boða umhverfisráðherra til næsta fundar og ræða almennt um verndaráætlunina, hvað gera þurfi næstu ár og að fjárveitingar verði auknar. Þá þurfi að ræða hugmyndina um að Breiðafjarðarsvæðið verði skipulagt sem ein heild.

**Afgreiðsla:** Ákveðið var að umhverfisráðherra verði boðið að koma til næsta fundar. Þar geti ráðherra kynnt verndaráætlunina fyrir þingmönnum, sveitar- og bæjarstjórum svæðisins ásamt blaðamönnum.

#### **Fjármál Breiðafjarðarnefndar**

Fjármál nefndarinnar voru rædd og fram kom að það sé grundvallaratriði að fá rýmri fjárheimild til að fylgja verndaráætluninni eftir, en fjárheimild fyrir árið 2002 sé einungis 1.6 millj., skv. fjárlagafrumvarpi. Nú væri kominn tími til athafna og að aukið fjármagn sé forsenda þess að nefndin verði starfhæf.

**Afgreiðsla:** Ákveðið var að fara fram á hærri fjárheimild fyrir árið 2002.

#### **Gilsfjörður**

Rædd voru áhrif vega- og brúargerðar í Gilsfirði.

**Afgreiðsla:** Ákveðið var að óska eftir upplýsingum um hvaða breytingar vega- og brúargerð í Gilsfirði hefur haft á lífríkið.

#### **Ólokin mál**

Rætt var að enn sé ólokið nokkrum málum og að einhverjum bréfum nefndarinnar sé ósvarað.

**Afgreiðsla:** Ákveðið var að taka saman ólokin mál og stefnt að því að ganga frá þeim hið fyrsta.

**Fundi var slitið kl. 15:45.**

**Næsti fundur var ákveðinn þriðjudaginn 18. desember nk. kl. 13:00.**

**Umhverfisráðherra verður boðið á fundinn.**